

**Alþingi**  
**Erindi nr. P 135/1858**  
**komudagur 14.3.2008**

Til Alþingis,

Í bréfi dags. 4. mars sl. var óskað umsagnar þjóðminjavarðar um tillögu til þingsályktunar um stofnun prófessorsembættis á sviði byggðasafna og byggðafræða, 220. mál.

Undanfarin ár hefur verið rætt um mikilvægi þess að boðið verði upp á vandað nám í safnafræðum við Háskóla Íslands og/ eða í samstarfi við aðra háskóla á landinu. Slíkt er afar mikilvæg forsenda þessa að efla megi faglegt safnastarf á Íslandi, sem er forsenda þess að í framtíðinni dafni á landsbyggðinni vönduð ferðaþjónusta, á grunni faglegs safnastarfs og menningarstarfsemi almenn. Áform um stofnun prófessorsembættis á sviði byggðasafna og byggðafræða félli undir slík áform.

Undirrituð styður hugmyndir að eflingu menntunar á sviði safnafræða við Háskóla Íslandi og að boðið verði upp á fjölþætt nám í safnafræði þar.

Ekki er tekin afstaða til hugmynda um að tengja stofnun prófessorsembættis við ákveðið safn.

Virðingarfyllst,

Margrét Hallgrímsdóttir,  
þjóðminjavörður